# 602 Í fornöld á jörðu var frækorni sáð




6. Það blómgast og vex og æ blómlegra rís
í breiskjandi hita, í nístandi ís,
af lausnarans blóði það frjóvgaðist fyrst,
þann frjóvgunarkraft eigi getur það misst.

7. Frá heimskauti einu til annars það nær
þótt önnur tré falli, þá sífellt það grær,
þess greinar ná víðar og víðar um heim
uns veröldin öll fær sitt skjól undir þeim.

8. Og sú kemur tíðin að heiðingja hjörð
þar hælis sér leitar af gjörvallri jörð,
sú tíðin að illgresið upp verður rætt
og afhöggna limið við stofninn sinn grætt.

9. Hve gleðileg verður sú guðsríkisöld.
Um gjörvallan heim ná þess laufskálatjöld.
Úr hvelfingu myndast þar musteri frítt,
þar mannkynið allt Guði lof syngur blítt.

**T** Valdimar Briem – Sb. 1886
**L** Pilgrimsharpan 1862 – JH 1885
**H** Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023